

**Ed.** **1040. Breytingartillögur** [314. mál]  
við frv. til l. um stálbræðslu.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
Ríkisstjórninni er heimilt að gerast eignaraðili að Stálfélaginu hf. og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði stálbræðslunnar.
2. Við 2. gr. 2. tölulið bætist: enda hafi verið tryggð öflun annars lánsfjár vegna stofnkostnaðar.
3. Við 3. gr. Greinin falli brott.
4. Aftan við frv. bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:  
Ekki er ríkisstjórninni heimilt að gerast eignaraðili að hlutafélaginu skv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé skv. 1. tölulið 2. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán skv. 2. tölulið 2. gr. fyrir en tryggð hafa verið hlutfjárframlög annarra aðila fyrir 60% hlutfjár, enda sé tryggður rekstrargrundvöllur fyrirtækisins með afurðaverði sem er sambærilegt heimsmarkaðsverði að áliti viðskiptaráðuneytisins.